

Tillaga að breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.
Lögð fram á fundi forsætisnefndar 24. apríl 2015

15. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

Um ritun fundargerða borgarstjórnar fer samkvæmt leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar er fundarritari borgarstjórnar og sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar, í samráði við forseta, eftirlit með að rétt sé fært til bókar. Fundargerðir eru skráðar í tölvu, lesin upp í fundarlok og undirrituð af forseta borgarstjórnar og skrifurum

Að öðru leyti fer um ritun fundargerða borgarstjórnar samkvæmt leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.